



Stjórnarháttayfirlýsing 2016 Reiknistofa bankanna hf.

Inngangur

Reiknistofa bankanna hf. (RB) varð hlutafélag þann 1.01.2011 en félagið var stofnað 23.03.1973. RB er upplýsingatæknifélag sem þjónustar íslenskan fjármálamarkað. Framtíðarsýn félagsins er að auka gæði og hagkvæmni fjármálaþjónustu á Íslandi með þróun framsækinnna og öruggra lausna sem eru bæði vel samþættar og samnýttar af markaðnum. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu 2016 var 180.

Framsetning stjórnarháttayfirlýsingar 2016 er með hliðsjón af Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins í maí 2015, 5. útgáfu. Leiðbeiningarnar er að finna vefsíðunni: <http://www.leidbeiningar.is/> og á vefsíðu Viðskiptaráðs www.vi.is

Sem hlutafélag móttast stjórnarhættir RB af fylgni við þau lög og reglur sem almennt gilda um félagsformið ásamt samþykktum RB og öðrum reglum félagsins. Stjórn félagsins uppfærði starfsreglur sínar þann 31. október 2016. Samþykktir RB og starfsreglur stjórnar er að finna á vefsíðu félagsins, www.rb.is

RB hefur hlotið vottun á stjórnkerfi upplýsingaöryggis samkvæmt alþjóðastaðlinum ISO/IEC 27001:2013. RB starfar samkvæmt PCI-DSS staðli (Payment Card Industry Data security Standard) sem tryggir öryggi kortagagna og eru viðmiðunarreglur fyrir fyrirtæki sem meðhöndla greiðslukort af ýmsum toga. RB tekur mið af Leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins, nr. 2/2014 um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila.

RB hlaut í mars 2016 viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum sem Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands hefur staðið fyrir: <http://www.stjornarhaettir.com/fyrirmyndarfyrirtaeki>

RB hlaut í desember 2016 gullmerki Jafnlaunaúttektar PwC. Gullmerki Jafnlaunaúttektar PwC veitist fyrirtækjum þar sem launamunur kynja er innan við 3,5%. Með viðurkenningunni er því staðfest að launamunur kynja hjá RB er innan þeirra marka.

RB er á lista CreditInfo yfir Framúrskarandi fyrirtæki 2016 og var félagið eitt af fimm fyrirtækjum sem voru tilnefnd til verðlauna fyrir nýsköpun, en slík verðlaun voru í fyrsta sinn veitt fyrir nýsköpun í rótgrónu fyrirtæki.

RB, hluthafar RB og Samkeppniseftirlitið gerðu með sér sátt þann 11. maí 2012 í tengslum við undanþágubeiðni vegna starfsemi Reiknistofu bankanna hf. og samruna við Teris samanber Ákvörðun nr. 14/2012 sem birt er á vefsíðu Samkeppniseftirlitsins, www.samkeppni.is. Jafnframt er þar birt Ákvörðun nr. 36/2014 túlkun á 3. mgr. 5. gr. í ákvörðunarorði í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2012.

Engin opinber stofnun hefur sakað félagið um brot á lögum og reglum.



Frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti

RB starfar eins og framan greinir eftir Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og uppfyllir ákvæði þeirra, með nokkrum undantekningum. Tilnefninganefnd hefur ekki verið stofnuð en getið er um stjórnarkjör í samþykktum félagsins. Fyrirkomulag skipunar nefndarmanna tilnefningarnefndar er því ekki að finna í stjórnarháttayfirlýsingu 2016. Upplýsingar um hluthafafundi félagsins, fundarboð, fundargerðir og fundargögn eru hluthöfum aðgengileg samkvæmt lögum og samþykktum félagsins, en það er ekki haldið utan um þær upplýsingar á vefsíðu félagsins þar sem félagið er ekki skráð á markaði og er ekki almenningshlutafélag.

Áhættustjórnun, innra eftirlit og innri endurskoðandi

Haldið er utan um stjórnkerfi upplýsingaöryggis og skipulag félagsins í gæðakerfi þess. Verklagsreglur og vinnuleiðbeiningar fyrir starfsmenn félagsins miða að því að hver og einn beri ábyrgð á gæðum vinnu sinnar, þjónustu félagsins og upplýsingaöryggi. Innra eftirlit er innbyggt í alla ferla félagsins og eru innri úttektir framkvæmdar með reglubundnum hætti. Innbyggð áhætta felst í ýmsum þáttum daglegs rekstrar, eins og útvíkkun á lausnarframboði, stækkun markhóps, uppfærsla grunnkerfa og fleira. Áhættustjórnun og innra eftirlit sem er innbyggt í gæðakerfi félagsins er viðvarandi fremur en árleg skilgreining áhættuþátta. Til að tryggja að áhættuþættir séu skilgreindir og meðhöndlaðir hefur RB mótað samræmda aðferðafræði við áhættustjórnun. RB notar skýra aðferðafræði til að áhættugreina og mæla áhættu sem tryggir að borin séu kennsl á áhættuna, hún sé metin og loks flokkuð eftir mikilvægi m.t.t. líkinda og mögulegra áhrifa á starfsemi félagsins. Styrk áhættustjórnun er ein af grunnforsendum þess að RB nái að uppfylla stefnu, markmið og hlutverk félagsins. Stjórn RB samþykkti áhættustefnu félagsins 10.03.2017. Stjórn fjallar tvisvar á ári um áhættumat félagsins og var það gert á stjórnarfundum í febrúar og september 2016. Til að staðreyna virkni innra eftirlits hefur stjórn RB fengið árlega skýrslu innri endurskoðanda félagsins og eftirfylgni er með viðbrögðum við athugasemdum eða ábendingum þar að lútandi. Endurskoðunarnefnd stjórnar hefur jafnframt farið yfir áhættustýringu félagsins og fengið áhættumatsskýrslur tvisvar á ári og fer yfir árlega skýrslu innri endurskoðunar RB.

RB hefur verið með samning við PWC til að sinna innri endurskoðun. Innri endurskoðendur leggur fyrir endurskoðunarnefnd áhættumiðaða áætlun. Endurskoðunarnefnd fjallar um áætlunina og samþykkir áður en innri endurskoðandi hefst handa. Innri endurskoðandi skilar skýrslu til endurskoðunarnefndar þar sem hann greinir frá niðurstöðum sínum.

Gildi, siðferði og samfélagsleg ábyrgð

Gildi RB eru ástríða, fagmennska og öryggi. Gildin snúa að starfsmönnum RB og eiga að leiðbeina þeim í daglegu starfi varðandi ákvarðanir og veitingu þjónustu til viðskiptavina.

ÁSTRÍÐA er lykillinn að árangri okkar. Við höfum ástríðu fyrir því sem við gerum og leyfum sköpunargleðinni ávallt að njóta sín.

FAGMENNSKA snýr að ímynd RB. Við mætum þörfum viðskiptavina okkar með því að beita ávallt vönduðum og faglegum vinnubrögðum í öllum okkar verkum.



ÖRYGGI snýr að viðskiptamönnum. Við störfum eftir verklagsreglum í gæðahandbók og tryggjum með því að þjónusta okkar sé ávallt bæði áreiðanleg og örugg.

Siðferði. RB hefur sett sér siðareglur enda er lögð áhersla á að í starfsemi félagsins skuli ávallt viðhafðir heiðarlegir viðskiptahættir, heilindi og trúverðugleiki. Forðast skal viðskipti þar sem siðferðileg álitamál kunna að koma upp. Stjórnendur skulu ganga á undan með góðu fordæmi og bera sérstaka ábyrgð á að tryggja að starfsmenn kynni sér þær reglur sem um starfsemina gilda og störf sem tengjast verkefnum hvers og eins.

Samfélagsleg ábyrgð. RB hefur mótað stefnu um samfélagslega ábyrgð sem felst m.a. í vistvænni samgöngustefnu, eflingar forritunar- og tæknimenntunnar í grunn- og framhaldsskólum landsins, í stuðningi við náttúruverndarsjónarmið með flokkun og endurnýtingu úrgangs og rusls. Þá hefur félagið stutt hjólréiðalpróttir meðal annars með því að standa að árlegri hjólréiðakeppni, RB Classic. Loks hefur félagið styrkt góðgerðarmál sem tengjast styrktarfélögum barna vegna sjúkdóma eins og krabbameins, hjartveiki og öðrum bágunum aðstæðum barna. RB er einnig silfur styrkaraðili Félags kvenna í atvinnurekstri.

Lýsing á samsetningu og starfsemi stjórnar, undirnefnda stjórnar og framkvæmdastjórnar.

Stjórn félagsins skipa fimm menn sem kjörnir eru á aðalfundi. Aðalfundur kys jafnmarga varastjórnarmenn. Varamenn skulu kallaðir inn þannig að þeir taki sæti þess stjórnarmanns sem tilnefndur er. Stjórnarkjör er löglegt ef hlutfall hvors kyns er ekki lægra en 40%. Um hæfi þeirra fer að lögum. Nýkjörin stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og kys sér formann úr sínum hópi. Stjórn fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og voru 13 stjórnarfundir haldnir á starfsárinu. Allir stjórnarmenn tóku þátt í öllum fundum með mætingu eða fjarfundaðáttöku með þeirri undantekningu að einn stjórnarmaður var fjarverandi á fyrsta fundi starfsársins sem haldinn var strax eftir aðalfund. Auk þess fundaði stjórn einslega tvisvar á starfsárinu og var síðari fundurinn tileinkaður sjálfsmati stjórnar. Allir stjórnarmenn tóku þátt í þeim fundum. Sem stærsta innlegg í fræðslu/endurmenntun stjórnar á árinu tóku stjórnarmenn þátt í ráðstefnunni Europe Money 20/20 í apríl 2016 og hugmyndir þaðan nýttar til frekari stefnumótunar fyrir félagið.

Stjórn hefur skipað tvær undirnefndir stjórnar, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd fyrir komandi starfsár í samræmi við starfsreglur stjórnar. Hvor nefnd er skipuð þremur fulltrúum, formanni sem er utanaðkomandi sérfræðingur á verksviði nefndarinnar auk tveggja stjórnarmanna. Hlutverk og starfsáætlun endurskoðunarnefndar og starfskjaranefndar er að finna á vefsíðu félagsins, www.rb.is. 8 fundir voru haldnir í endurskoðunarnefnd á starfsárinu og einn sameiginlegur fundur með stjórn RB. Auk þess hefur endurskoðunarnefnd fundað einslega og framkvæmt sjálfsmat. Allir nefndarmenn í endurskoðunarnefnd tóku þátt í öllum nefndarfundum á starfsárinu, nema einn nefndarmaður var fjarverandi á einum fundi. Starfskjaranefnd hélt 8 fundi á starfsárinu og átti einn sameiginlegan fund með stjórn. Nefndarmenn tóku þátt í öllum fundum, nema einn nefndarmaður var fjarverandi á einum fundi. Starfskjaranefnd hefur framkvæmt sjálfsmat.

Forstjóri stýrir daglegum rekstri RB og framkvæmd annarra ákvarðana sem stjórn hefur falið honum. Stjórn félagsins annast um ráðningarkjör forstjóra, en getur falið formanni að annast samninga við forstjóra.



Kveðið er á um hlutverk stjórnar og forstjóra í starfsreglum stjórnar. Stjórn hefur sett forstjóra erindisbréf 16. desember 2015. Forstjóri er formaður framkvæmdastjórnar en auk hans sitja í framkvæmdastjórn sex framkvæmdastjórnar starfssviða RB. Skipurit RB er að finna á www.rb.is. Framkvæmdastjórn hélt að jafnaði vikulega fundi á árinu 2016 þar til í október þegar skipulagsbreytingar urðu, að síðan skiptast á vikulegir fundir framkvæmdastjórnar og viðskiptaráðs sem auk framkvæmdastjóra sitja þá fundi rekstrarstjórnar og viðskiptapróunarstjórnar.

Stjórn

Í stjórn RB sitja óháðir aðilar sem hvorki eru starfsmenn hluthafa eða dótturfélaga þeirra né stjórnarmenn í þeim félögum. Stjórnarmenn eiga engan hlut í félaginu og hafa þeir ekki tekið að sér önnur verkefni fyrir félagið en þau sem teljast til hefðbundinna stjórnarstarfa og starfa undirnefnda stjórnar. Stjórnarmenn eiga í dag ekki hlut í þeim félögum sem eiga eignarhlut í RB. Stjórnarmenn eru óháðir stjórnendum RB og daglegum störfum hluthafa félagsins.

Hreinn Jakobsson, stjórnarformaður

Hreinn Jakobsson er fæddur 1960 og starfar sem framkvæmdastjóri Fjárstreymis ehf. Hann var starfandi stjórnarformaður í Sirius IT Holding A/S í Danmörku, ásamt dótturfélögum Sirius IT A/S í Danmörku, Sirius IT AB í Svíþjóð og Sirius IT AS í Noregi 2007-2010. Hreinn var framkvæmdastjóri Anza hf. 2006-2007, forstjóri Skýrr hf. frá 1997-2006 og framkvæmdastjóri Þróunarfélags Íslands 1993-1997. Hann hefur einnig starfað hjá lðnlánasjóði og lðnaðarbanka Íslands. Hann var stjórnarformaður Opinna kerfa hf. 1992-1997 og Vaka – fiskeldiskerfis hf. 1991-1997. Hann hefur einnig setið í eftirtöldum stjórnnum: N1 hf., Marel hf., Lína-net hf., Bakkavör hf. og Samtökum iðnaðarins, auk þess að sitja í stjórn ýmissa smærri fyrirtækja í upplýsingartækni.

Hreinn er með stúdentspróf frá Verzlunarskóla Íslands, Cand.oecon gráðu frá Háskóla Íslands og MVC gráðu frá EVCA í Brussel. Hreinn hefur setið í stjórn Reiknistofu bankanna frá 2011 og sinnt starfi stjórnarformanns frá 2012.

Ásthildur Sturludóttir

Ásthildur er fædd árið 1974 og starfar sem bæjarstjóri Vesturbyggðar, síðan 2010. Hún var áður verkefnisstjóri á rektorsskrifstofu Háskóla Íslands, verkefnisstjóri hjá Portus ehf. (félag um byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss), framkvæmdastjóri samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og verkefnisstjóri atvinnuþróunarfélags Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV-þróun og ráðgjöf). Ásthildur sat í stjórn RÚV ohf. þar til í maí 2016 og í stjórn Byggðastofnunar frá 2014-2016.

Ásthildur er menntaður stjórn málafræðingur frá Háskóla Íslands og stjórnsýslufræðingur (MPA) frá PACE University í New York í Bandaríkjunum. Ásthildur var kosin í stjórn Reiknistofu bankanna í júní 2016 og var skipuð í endurskoðunarnefnd stjórnar.



Gunnlaug Ottesen

Gunnlaug Ottesen er fædd 1957 og starfar sem verkefnastjóri og ráðgjafi hjá AXnorth ehf. Hún hefur víðtæka þekkingu og reynslu af stjórnun, rekstri og uppbyggingu hugbúnaðarfyrirtækja ásamt verkefnastjórnun, ráðgjöf í upplýsingatækni, innleiðingu viðskiptakerfa og uppbyggingu og innleiðingu gæðakerfa. Gunnlaug var verkefnastjóri og ráðgjafi á upplýsingatæknisviði Marel frá 2012 til 2015. Hún var forstöðumaður viðskiptalausnasviðs HugarAx frá sameiningu Ax hugbúnaðarhúss og Hugar árið 2006 og þar til 2011. Hjá Ax hugbúnaðarhúsi starfaði hún frá 2003 sem deildarstjóri viðskipta- og stjórnendalausna, gæðastjóri og verkefnastjóri. Gunnlaug starfaði hjá Landsteinum Ísland frá sameiningu Þróunar hf. og Landsteina árið 2001, hjá Landsteinum starfaði hún sem aðstoðarframkvæmdastjóri og gæðastjóri, en hjá Þróun starfaði hún frá 1989 sem deildarstjóri viðskiptalausna, aðstoðarframkvæmdastjóri, þjónustustjóri og gæðastjóri. Gunnlaug starfaði í tölvudeild KEA frá 1984 til 1989 sem deildarstjóri, verkefnastjóri, ráðgjafi og forritari. Hún starfaði einnig sem stundakennari í stærðfræði og tölvunarfræði við Menntaskólann á Akureyri frá 1984-1986.

Gunnlaug er með B.Sc. gráðu í stærðfræði frá Háskóla Íslands og M.Sc. gráðu í reiknifræði (Mathematical Sciences) frá Florida International University. Gunnlaug hefur setið í stjórn Reiknistofu bankanna frá 2012 og í endurskoðunarnefnd stjórnar frá sama ári.

Margrét Guðmundsdóttir

Margrét Guðmundsdóttir er fædd árið 1954. Margrét var forstjóri Icepharma frá 2005-2016. Áður var hún forstjóri Austurbakka frá maí 2005, sem sameinaðist Icepharma 1. janúar 2006. Hún starfaði hjá Skeljungu 1995-2005, sem framkvæmdastjóri smásölu. Frá 1986-1995 starfaði Margrét sem framkvæmdastjóri hjá Kuwait Petroleum (Danmark) A/S (Q8) í Kaupmannahöfn. Á þeim tíma sinnti hún ýmsum stjórnunarstöðum, m.a. sem yfirmaður mannauðsmála, upplýsingatækni, sölu og markaðsmála. Frá 1982-1986 var hún ábyrg fyrir stjórnendapróun hjá Dansk Esso í Kaupmannahöfn.

Margrét er framkvæmdastjóri og í stjórn Eignarhaldsfélagsins Lyngs ehf. sem er móðurfélag Icepharma. Þá situr Margrét í stjórn Icepharma A/S í Danmörku, Lyfjapjónustunnar ehf., N1 hf. (stjórnarformaður), Heklu hf, Heklu fasteignir ehf, Delfí ehf og Paradís ehf.

Margrét hefur lokið stjórnendanámi frá CEDEP/INSEAD í Frakklandi, Cand. Merc. gráðu í mannauðsstjórnun og markaðsmálum frá Copenhagen Business School og Cand. oecon. gráðu frá Háskóla Íslands. Margrét var kosin í stjórn Reiknistofu bankanna í júní 2016 og var jafnframt skipuð í starfskjaranefnd stjórnar, en hún sat áður í stjórn RB frá janúar til ágúst 2011.

Páll Jensson

Páll Jensson er fæddur 1947. Páll er prófessor við Háskólann í Reykjavík síðan 2011 og sviðsstjóri Fjármála- og rekstrarverkfræðisviðs. Hann starfaði hjá IBM á Íslandi 1975-1977, var forstöðumaður Reiknistofnunar Háskóla Íslands 1977-1987 og prófessor í iðnaðarverkfræði við HÍ 1987-2011. Hann hefur samhliða kennslu og rannsóknum setið í stjórnnum ýmissa fyrirtækja og verið ráðgjafi m.a. á sviði upplýsingatækni og



arðsemimats. Eitt af ráðgjafaverkefnum Páls undir lok síðustu aldar var áætlun um að breyta Reiknistofu bankanna í hlutafélag.

Páll lauk MSc prófi í iðnaðarverkfræði við Danmarks Tekniske Universitet 1972 og úskrifaðist með PhD gráðu þaðan í aðgerðarannsóknum 1975. Páll hefur setið í stjórn Reiknistofu bankanna frá 2012 og starfskjaranefnd stjórnar frá sama ári.

Varamenn

Anna Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Expectus ehf.

Ebba Þóra Hvannberg, prófessor við Háskóla Íslands

Hákon Gunnarsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Gekon ehf., verkefnastjóri hjá Kópavogsbæ.

Marina Candi, dósent við Háskólann í Reykjavík. Forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar HR í nýsköpun og frumkvöðlafræðum.

Sæmundur Sæmundsson, framkvæmdastjóri hjá Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Sérstök hæfisskilyrði stjórnarmanna samkvæmt sátt RB og hluthafa við Samkeppniseftirlitið

Í 2. gr. sáttar félagsins og hluthafa við Samkeppniseftirlitið sem undirrituð var þann 11. maí 2012 er að finna sérstök hæfisskilyrði varðandi stjórnarmenn í félaginu, en greining hljóðar svo: „*Að minnsta kosti einn stjórnarmanna Reiknistofu bankanna skal vera óháður einstökum hluthöfum félagsins. Sé stjórnarmaður fulltrúi ákveðins hluthafa í Reiknistofu bankanna, sem jafnframt er fjármálafyrirtæki, skal viðkomandi stjórnarmaður hvorki vera starfsmaður eða stjórnarmaður þess fjármálafyrirtækis né nokkurs dótturfélags þess. Stjórnarmaður telst óháður ef hann er ekki starfsmaður eða stjórnarmaður hjá hluthöfum félagsins, eða fyrirtækjum sem hluthafi á meira en 15% eignarhlut í, er ekki maki stjórnarmanns eða í framkvæmdastjórn hjá ofangreindum aðilum, skyldur þeim í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar.*“

Allir stjórnarmenn RB hafa staðfest hæfi sitt samkvæmt sáttinni.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd er skipuð af stjórn RB til að sinna tilteknum verkefnum á grundvelli IX. kafla A. í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Í 108. gr. kveður á um skyldu eininga tengdum almannahagsmunum að starfrækja endurskoðunarnefnd. Aðal hlutverk nefndarinnar er 1) mat á eftirlitsumhverfi félagsins og fyrirkomulagi áhættustýringu, 2) greining á virkni innri endurskoðunar, eftirlit með framkvæmd endurskoðunar og gerð tillögu um val á ytri endurskoðanda ásamt mati á óhæði endurskoðanda og 3) tryggja fylgni við gildandi lög og reglur. Endurskoðunarnefnd RB skipa Sigurður Þórðarson, formaður, Ásthildur Sturludóttir og Gunnlaug Ottesen. Starfslýsing nefndarinnar er birt á heimasíðu RB www.rb.is

Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd er skipuð af stjórn RB til að sinna tilteknum verkefnum á ábyrgðarsviði stjórnarinnar í samræmi við ákvæði starfskjarastefnu RB sem samþykkt er á aðalfundi félagsins. Hlutverk starfskjaranefndar eru meðal annarra 1) Útbúa starfskjarastefnu félagsins sem samþykkt er af stjórn félagsins og jafnframt lögð fram til afgreiðslu á aðalfundi félagsins. 2) Tryggja að laun og önnur starfskjör séu samkeppnishæf og að við ákvörðun þeirra sé horft til ábyrgðar og árangurs starfsmanna. 3) Vera



ráðgefandi við stjórnarformann við að ganga frá ráðningu eða starfslokum forstjóra. Nefndin er forstjóra jafnframt ráðgefandi við ráðningu eða starfslok framkvæmdastjóra. 4) Setja upp og viðhalda launastefnu félagsins, forstjóra til viðmiðunar þegar samið er um laun annarra starfsmanna. Við ákvörðun um starfskjör stjórnenda ætti ekki aðeins að taka mið af starfskjörum jafningja þeirra í öðrum félögum heldur einnig af starfskjörum annarra starfsmanna félagsins til að tryggja samræmda og sanngjarna starfskjarastefnu innan félagsins. 5) Vera forstjóra innan handar í verkefnum er snúa að starfskjörum félagsins hverju sinni. Starfskjaranefnd RB skipa Davíð Freyr Oddsson, formaður, Margrét Guðmundsdóttir og Páll Jensson. Starfslýsing nefndarinnar er birt á heimasíðu RB www.rb.is

Forstjóri

Friðrik Þór Snorrason, forstjóri

Friðrik Þór Snorrason er fæddur 1970 og er forstjóri RB frá því í febrúar 2011. Hann var áður framkvæmdastjóri tækni- og rekstrarþjónustufyrirtækisins Skyggnis 2008-2011 (síðar partur af Nýherja) og þar áður framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Nýherja. Friðrik starfaði á árunum 2000-2003 sem forstöðumaður hagdeildar Strax Inc. í Bandaríkjunum. Á árunum 1998-2000 starfaði hann sem stjórnunarráðgjafi hjá Branstock Consulting á Bretlandi. Hann starfaði einnig sem greinandi hjá Economist Intelligence Unit á árunum 1997-1999 og verkefnastjóri í þróunarteymi hjá Heritage Lottery Fund á árunum 1997-1998. Friðrik hefur setið í stjórnnum Dan Support A/S, AGR ehf., Símafélagsins og Samtökum íslenskra gagnaversfyrirtækja.

Friðrik lauk prófi í alþjóðasamskiptum frá University of Wisconsin í Bandaríkjunum 1994 og meistaraprófi í sama fagi frá London School of Economics í Englandi 1996.

Árangursmat stjórnar

Stjórn félagsins framkvæmdi formlegt árangursmat (sjálfsmat) í lok starfsársins í mars 2017 með rafrænni spurningakönnun vegna starfa sinna á liðnu starfsári. Könnunin byggði á sjálfsmatsformi frá PWC þar sem stuðst er við átta víddir góðra stjórnarháttanna. Stjórn fjallaði um niðurstöður og setti fram umbótaverkefni til að vinna að í framhaldi af því.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Í samþykktum félagsins er ákvæði um samskipti sem stjórn ákveður að félagið eigi við hluthafa svo sem boðun hluthafafunda, greiðsla arðs eða aðrar tilkynningar og er notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts heimiluð. Félagisstjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda.

Niðurlag

Stjórnarháttayfirlýsingu þessari er ætlað eftir bestu vitund að veita greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti félagsins til viðskiptavina, hluthafa, eftirlitsaðila og annarra hlutaðeigandi.

Þessi stjórnarháttayfirlýsing var samþykkt af stjórn Reiknistofu bankanna hf. þann 10. mars 2017.